

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 4 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn í Þekkingarsetri Vestmannaeyja
fimmtudaginn 05. Júlí 2018 kl. 12:00

Mættir: Grímur Gíslason (GG), Lúðvík Bergvinsson (LB), Kristín Jóhannsdóttir (KJ), Arndís Bára Ingimarsdóttir (ABI) og Birna Þórsdóttir (BÞ) sem sat fyrri hluta fundarins sem varamaður Páls Guðmundssonar (PG), en Páll sat síðari hluta fundarins. Gunnar Karl Guðmundsson (GKG) verkefnastjóri kom inn á fundinn eftir 5. lið dagskrár og sat þar til fundi var frestað.

1. Lagðar fram fundargerðir funda nr. 2 og 3 og þær samþykktar og undirritaðar.
2. Lögð fram tillaga um að GG og LB skipi framkvæmdastjórn sem starfi milli stjórnarfunda.
Tillagan samþykkt.
3. GG og LB gerðu grein fyrir fundi sem að þeir áttu með Írisi Róbertsdóttur (IR), bæjarstjóra, og Njáli Ragnarssyni (NR), formanni bæjarráðs, þar sem farið var yfir stöðuna í málefnum Herjólfss ohf. LB og GG skýrðu fyrir IR og NR að hverju stjórnin hefði unnið og hver staðan í vinnunni væri. IR og NR staðfestu á fundinum að ekki væri að vænta stefnubreytingar í málefnum Herjólfss ohf. frá nýjum meirihluta.
4. Farið yfir samning Herjólfss ohf. við Gunnar Karl Guðmundsson (GKG), verkefnastjóra. Stjórnin samþykkti samninginn með þeim fyrirvörum að GKG yrði ekki prófkúruhafi og að prófkúra fyrir félagið yrði áfram í höndum Sigurbergs Ármannssonar. Einnig samþykkti stjórnin að verkefnastjóra væri skylt að fá samþykki framkvæmdastjórnar fyrir hverjum þeim útgjöldum eða kostnaði sem hann stofnaði til, áður en stofnað yrði til þeirra, að öðrum kosti yrði hann ekki greiddur af félaginu. Lögð var áhersla á að undir þetta félli allur kostnaður eða útgjöld, jafnt ferða- og upphaldskostnaður sem og allur annar kostnaður stór sem smár.
5. Rædd starfsmannamál og ráðning starfsfólks. GG gerði grein fyrir því sem átt hefur sér stað varðandi auglýsingar eftir skipstjóra og yfirvélstjóra, viðtöl ofl. Ljóst er að það ferli fór um tíma af því spori sem ætlað var að hafa það á en því ferli var síðan komið á rétt spor á nýjan leik. Kynnti GG drög að niðurstöðu Capacent en unnið hefur verið að því að klára þá vinnu í vikunni. Fyrir lá að enn vantaði umsagnir og loka mat í skýrsluna. Stjórnin ræddi þessi mál og ákvað að kalla GKG inn á fundinn til að gera grein fyrir hans aðkomu að ráðningarferlinu og stöðu mála frá hans sjónarhóli.

GKG kom inn á fundinn og fór yfir starfsmannaviðtöl sem hann var í ásamt fulltrúa Capacent.

[Redacted text block]

Samþykkti stjórnin að fresta afgreiðslu á ráðningu skipstjóra og vélstjóra þar til endanleg skýrsla Capacent lægi fyrir og var GG og LB falið að leggja tillögu um ráðningar fyrir stjórn þegar að endanleg skýrsla Capacent lægi fyrir, en skýrslan verður janframt send á stjórnarmenn.

- 7. GG bað GKG að fara yfir þau verk sem að hann hefði unnið að í júnímánuði og síðan að leggja fram tímasetta áætlun um þau verk sem að hann hyggðist vinna að í júlí og hvenær þeim lyki.

[Redacted text block]

